

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Þann 11. ágúst 2008 er úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman komin að Borgartúni 25, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð í ágreiningsmáli nr. 3/2008.

Reykholahreppur

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

og

Íslandspósti hf.

Nefndina skipa: Ólafur Garðarsson hrl. formaður og meðnefndarmennirnir Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárason verkfræðingur. Aðstoðarmaður nefndarinnar í málinu var Garðar Steinn Ólafsson laganemi.

Fyrir nefndinni liggur kæra frá Reykhólahrepp, dags. 28. mars 2008, þar sem ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 5/2008 frá 27. febrúar 2008 um fækkun dreifingardaga út frá Króksfjarðarnesi er kærð.

Krafa Reykhólahrepps er að ákvörðun PFS nr. 5/2008 frá 27. febrúar 2008 um fækkun dreifingardaga út frá Króksfjarðarnesi sé felld úr gildi eða að öðrum kosti breytt Reykhólahreppi í hag.

Krafa Íslandspósts hf. er að hin kærða ákvörðun sé staðfest.

Krafa PFS er að hin kærða ákvörðun sé staðfest.

Úrskurðarnefnd hefur tekið þá ákvörðun að aðild að ágreiningsmáli þessu skuli háttað þannig að Reykhólahreppur verði sóknaraðili en Íslandspóstur hf. og PFS varnaraðilar. Ekki þótti þörf á munnlegum málflutningi og tók nefndin ágreiningsmálið til úrskurðar eftir að gögn málsins lágu fyrir.

1.0 Málavextir.

Með bréfi, dags. 28. september 2007, óskaði Íslandspóstur hf. eftir því við PFS að stofnunin gæfi leyfi fyrir því að dreifingardögum yrði fækkað úr fimm í þrjá til átta bæja í landpóstaleið sem ekin væri frá Króksfjarðarnesi. Nánar tiltekið bæir sem væru fyrir norðan Bjarkarlund.

Með bréfum, dags. 1. október 2007, var þeim 8 bæjum sem umsókn Íslandspósts hf. tekur til gefin kostur á að koma að athugasemdum við erindið. En um er að ræða bæina Skálanes, Múla (Kollafirði), Brekku, Gufudal, Djúpadal, Kinnastaði, Fremri Gufudal og Hofstaði. Athugasemdir bárust í tölvupósti, dags. 14. október.

Undir athugasemdirnar skrifa “Íbúar Reykhólahrepps vestan Bjarkalundar” Auk þess skilaði Reykhólahreppur inn umsögn um erindi Íslandspósts.

Með bréfi, dags. 1. nóvember 2007, var Íslandspósti hf. boðið að skila inn athugasemdum um þær umsagnir sem borist höfðu og barst sú umsögn með bréfi, dags 13. nóvember 2007.

Þann 27. febrúar 2008 tók PFS ákvörðun nr. 5/2008 um fækkun dreifingardaga út frá Króksfjarðarnesi.

Þann 28. mars 2008 kærði Reykhólahreppur ákvörðun PFS. Sú kæra er hér til meðferðar.

2.0 Málsástæður kæranda.

Í kæru Reykhólahrepps kemur fram að kærandi telur að túlkun PFS á IV. kafla í lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu sem varða alþjónustu, sé röng og að hugsanlega sé um lögbrot að ræða. Einnig er þar tiltekið að kæranda hafi ekki borist beiðni Íslandspósts hf. um fækkun dreifingardaga á þessu svæði til umsagnar.

Vísast að öðru leyti í hina kærðu ákvörðun og bréfaskriftir er fylgja henni.

3.0 Málsástæður Íslandspósts hf.

Eftirfarandi skýrsla var afhend úrskurðarnefnd sem fylgigögn:

Íslandspóstur hf. hefur sett fram hugmyndir um fækkun dreifingardaga á pósti í fámennari sveitum landsins. Í greinagerð þessari verður fjallað um hvers vegna Íslandspóstur óskar eftir því að fækka dreifingardögum úr fimm dögum í þrjá til allt að 20% sveitaheimila á landinu.

Formáli

Kostnaður við landpóstakerfið er mjög hár og hefur vaxið á undanförunum árum. Fyrir nokkrum árum var tekin sú ákvörðun að bjóða íbúum í sveitum landsins upp á fimm daga þjónustu í stað þriggja áður.

18. mars 2002 voru gefin út lög um pósthjónustu þar sem segir að alþjónustuaðili (Íslandspóstur) skuli veita fimm daga þjónustu allsstaðar á landinu nema þar sem kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

Rúmu ári síðar, í maí 2003, eftir að lögin tóku gildi var gefin út reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu, en þar voru nánari skilgreiningar um framkvæmd laganna. Á þeim tímapunkti hafði Íslandspóstur þegar sett fjölmennustu sveitirnar í fimm daga þjónustu og tímasett áætlun hafði verði lögð fram um aðrar sveitir. Í reglugerðinni var boðið upp á undanþáguleið frá fimm daga þjónustu, og nánar útlistað hvað teldist vera “kringumstæður og landfræðilegar aðstæður”. Íslandspóstur hefur að mjög litlu leyti nýtt sér þessi undanþáguákvæði.

Þessi breyting var metnaðarfull og jafnframt kostnaðarsöm. Sá kostnaðarauki sem fallið hefur á Íslandspóst varð hærri en reiknað var með. Í dag er hægt að segja að þessi ákvörðun hafi verið tekin á hæpnum forsendum þar sem fyrirséð var að almennum bréfapósti myndi fækka á næstu árum sem og íbúum í sveitum, einnig var fyrirséð að rafræn þjónusta ykist.

Því óskar Íslandspóstur eftir því nú að fækka dreifingardögum á svæðum sem eru fámenn og kostnaðarsöm. Hér á eftir verða dregin fram rök þessu til stuðnings auk þess sem tölulegar upplýsingar um kostnað verða gefnar í viðauka (trúnaðarmál).

Þörf á fjölgun dreifidaga?

Eins og áður sagði þá jók Íslandspóstur þjónustu sína í sveitum á árunum 2002 til 2005 og nú er boðið upp á fimm daga þjónustu til um 98,5% sveitaheimila¹.

Að sögn landpósta urðu viðskiptavinir í sveitum hissa á þessari fjölgun dreifidaga og margir létu þau orð falla að þetta væri “óþarfi”. Ljóst var að ekki var markaðsleg krafa eða þörf neytandans sem atti Íslandspósti út í þessar breytingar heldur sú lagalega krafa sem lögð var á Íslandspóst.

Þessi breyting var gríðalega metnaðarfull og kostnaðarsöm og vonast var eftir tekjuaukningu sem því miður hefur ekki gengið eftir.

Íslandspóstur vill fækka dreifingardögum

Lagt er til að ferðum verði fækkað í þrjár ferðir á viku í fámennari sveitum. Týnd verða til margvísleg rök m.a.

- Gríðarlegar kostnaðarhækkningar umfram áætlanir*
- Fækkun íbúa í sveitum*
- Fækkun bréfa og rafræn þjónusta*
- Hagkvæmnisrök*
- Umhverfisvernd*
- Aðgengi að þjónustu er gott*
- Krafa um hagkvæman rekstur*

Gríðarlegar kostnaðarhækkningar á síðustu árum

Á undanförunum misserum hefur tilkostnaður vegna dreifingar farið ört vaxandi. Breytingar á olíugjaldi árið 2005 kom illa við landpósta en bein kostnaðarhækkun var um 8% á ársgrundvelli. Sá kostnaðarauki féll af fullum þunga á Íslandspóst. Eins og allir vita þá hefur olíuverð hækkað mikið og reynast þær hækkningar þungur baggi fyrir landpósta, sá kostnaðarauki hefur verið sóttur til Íslandspósts.

Í upphaflegum áætlunum var lagt upp með að hækkun á landpóstakostnaði yrði að hámarki 66% en reiknað var með að innri hagræðing, sameining leiða, útboð og þ.h., myndi lækka þá tölu í 50%. Komið hefur í ljós að þrátt fyrir þessar hagræðingaraðgerðir þá er upphæðin í dag um 300 mrk. á ári en hefði að öllu

¹ Landpóstar þjóna um 6000 heimilum á Íslandi.

eðliegu átt að vera um 267 m.kr. að núvirði. Í töflu 1. sjást þessar tölur sem og hversu km hefur í raun fækkað.

Tafla 1. Kostnaður 2000 og árið 2006

Ár	Skýring	fj landpósta	eknir km á ári	milljónir á ári	á núvirði (mv. 2006)	Aukning
2000	Arlegur landpóstakostnaður	105	2.524.668	126.515.000	178.196.378	
	Reiknaður kostnaðarauki m/v 66% hækkun		4.190.949		295.805.987	66%
	Reiknaður kostnaðarauki m/v 50% hækkun		3.787.002		267.294.566	50%
2006	Landpóstakostnaður	87	3.514.909	300.295.000	300.295.000	69%
	Mismunur á áætlun og raun				33.000.434	

Fækkun íbúa í sveitum og byggðarþróun

Fækkun íbúa minnkar ekki, endilega kostnað, en fjölgun gerir það í flestum tilfellum. Landpóstar fá greitt eftir hversu marga kílómetra þeir aka, og það er sjaldnast þannig að íbúar á ystu bæjum hætta búskap, oftar er það að sveitir grísjast. Dæmi um það eru sveitir í kringum Hólmavík, í Ísafjardardjúpi og við Patreksfjörð.

Sú byggðarþróun sem hefur átt sér stað að undanförmu, er að mikil fólksfækkun hefur orðið í dreifðari sveitum. Á hinn bóginn hafa sveitir í nágrenni við höfuðborginna og stærri bæjarfélög vaxið. Á Akureyri, Borganesi, Selfossi og Egilsstöðum hefur byggð verið að þéttast og minni byggðarkjarnar eru víða farnir að myndast í nágrenni þessara bæja. Oftast er þá ekki um búskap að ræða heldur starfar fólk í nálægum bæjarfélögum og sækir oft þjónustu þangað.

Í sveitum þar sem íbúafjöldi hefur staðið í stað eða örlítið fjölgun hefur orðið, þá gerist það að farið sé búa aftur á eldri býlum þar sem byggð var aflögð. Gjarnan á stöðum sem er nokkuð frá annari byggð og því getur dreifingarkostnaður aukist mikið.

Fækkun bréfa og aukin rafræn þjónusta

Á sama tíma og dreifingardögum var fjölgað þá hefur almennum bréfum fækkað. Auglýsingapóstur hefur aukist að sama skapi enda hefur Íslandpóst sótt hart á þann markað til að viðhalda tekjum sínum. Tölvutækni og bætta samgöngur hafa veikt stöðu bréfsins sem samskiptamáta. Flest bréf sem berast eru reikningar og yfirlit sem send eru tímanlega af fyrirtækjum. Nú bjóða allir bankar og flestir þjónustuaðilar upp á beingreiðslur, rafræn yfirlit og afgreiðslur í heimabönkum.

Skv. spám sem eru byggðar á reynslu annarra Evrópulanda þá bendir allt til að bréfum muni enn fækka á næstu misserum.

Hagkvæmisrök

Þar sem fjöldi dreifingardaga hefur engin áhrif á fjölda bréfa þá er hreinlega ekki skynsamlegt að dreifa pósti fimm daga vikunnar. Einungis er hægt að réttlæta fimm daga pósthjónustu í sveitum þar sem þéttleiki er mikill og viðkomustaðir margir.

Það má segja að Íslandpóstur hafi vanmetið umfang og kostnað þegar áætlun var gerð um staði sem fóru í fimm daga þjónustu. Af einhverjum ástæðum var ekki sótt um undanþágur frá fimm daga þjónustunni á allmörgum leiðum þar sem kringumstæður (fámenni og kostnaður) og landfræðilegar aðstæður voru erfiðar, þrátt fyrir að heimilt væri að nýta slíkar undanþágur.

Dæmi um slíka staði er landpóstaleið í kringum Patreksfjörð en þar er 70% af leiðinni ómalbikuð og fara þarf yfir 4 fjallvegi (8 sinnum alls) til þess að dreifa pósti á 33 heimili. Á þessari leið þarf afar öflugan vetrarbíl sem dýrt er að reka. Alls er leiðin 323 km á dag og kostar um 7 mkr. á ári.

Meðaldreifingarkostnaður á heimili á öllum landpóstaleiðum er um 50 þkr. á ári en þessi leið kostar um 220 þkr. á ári á hvert heimili.

Annað dæmi er leiðin í kringum Reykhólahrepp. Sú leið kostar um 160 þkr. á heimili á ári og er sú leið afar fámenn og dreifð ef Reykhólahorp er undanskilið.

Á leiðum sem eru fjölmennari, t.d. í Borgarfirði og í kringum Selfoss, þá kosta leiðir um 25-30 þkr. á ári, á hvert heimili. Þar eru vegir víðast hvar malbikaðir og ekið á láglendi og því eru minni kröfur um bílakost og tilkostnaður minni. Almenn má segja að hægt sé að lækka kostnað um 40% ef farnar verða þrjár ferðir á viku í stað fimm.

Umhverfisvernd

Á sl. ári óku landpóstar á vegum Íslandspóst yfir 3,5 milljón km. á bifreiðum sínum, eða að meðaltali 13.570 km. hvern virkan dag. Um 87 landpóstar eru á landinu sem sinna þessari dreifingu og þeir sem aka mest, aka um 100 þúsund km. á ári.

Íslandspóstur er umhverfisvænt fyrirtæki og viðurkennir mikilvægi þess að draga úr hvers konar mengun og telur það skyldu fyrirtækisins að fylgja því verkefni.

Það segir sig sjálf að það er ekki hagkvæmt né skynsamlegt að aka með eitt bréf 20 km leið þegar tekjurnar af því eru 60 til 150 kr. og hver kílómeter kostar frá 80 til 100 kr.

Aðgengi

Aðgengi að þjónustu Íslandspósts í sveitum er í gegnum landpósta. Landpóstar sjá um að dreifa pósti og pökkum auk þess sem þeir taka við bréfum og pökkum frá viðskiptavinum. Þessi þjónusta er nú veitt fimm daga vikunnar til um 98,5% íbúa í sveitum. Það má segja að þetta aðgengi sé mun betra en gerist í þorpum og minni bæjarfélögum þar sem íbúar fá bréfaútburð en þurfa sjálfir að sækja sína pakka og ábyrgðarbréf á pósthús. Því ætti þriggja daga þjónusta að vera nægjanleg á fámennari leiðum.

Krafa um hagkvæmni

Í úrskurðarorðum úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála frá 12. júní 2006, segir m.a.:

“Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum óstþjónustu. Reglur um alþjónustu sem rekstrarleyfishöfum á sviði pósthjónustu ber að veita öllum landsmönnum miða að því að allir sem búi við sambærilegar aðstæður njóti sömu þjónustu. Íslenskir landshættir gera það að verkum að erfðara er að þjónusta suma hópa en aðra og gert er ráð fyrir því að landfræðilegar aðstæður geti haft áhrif á þá þjónustu sem rekstrarleyfishöfum er skylt að veita.”

Í þessum orðum birtist í hnotskurn það sem umsóknin snýst um. Íslandspóstur á erfitt með að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu ef honum verður gert að halda áfram að bjóða upp á fimm daga hjónustu til staða þar sem í senn er fámenni, dreifð byggð, landfræðilegir erfiðleikar og hár kostnaður. Kostnaður við að hjónusta heimili í sveitum má ekki verða óeðlilega hár enda mun það einungis leiða til kostnaðarhækkana fyrir aðra notendur pósthjónustunnar.

Ósk um fækkun ferða

Stjórnendur Íslandspósts telja sér skylt að leggja til á næstu mánuðum að ferðum verði fækkað úr fimm í þrjár á stöðum þar sem ekki þykir rökrétt að bjóða upp á fimm ferðir í viku. Tillögurnar taka mið að því að allt að 20% heimila verði með þriggja daga hjónustu, það eru um 1200 heimili alls.

Lokaorð

Í þessari greinargerð eru talin fram rök Íslandspósts sem hníga öll að því að fækka pósthjónustu í sveitum.

Þar er ekki fjallað um þá vetrarhjónustu sem Vegagerðin veitir á vegum landsins. Greiðfærir vegir skipta landpósta að sjálfsögðu miklu máli sem og aðra. Á fæstum vegum er boðið upp á fimm daga moksstur. Mun algengara er að mokað sé þrjá daga í viku. Það er bæði óhagkvæmt og vafasamt að ætla starfsmönnum Íslandspósts að halda úti pósthjónustu í dreifbýli fleiri daga í viku en vetrarhjónusta vegagerðarinnar gerir ráð fyrir.

Ætla má, að fækkun dreifingardaga muni fyrst og fremst hafa áhrif á blaðadreifingu, en í því sambandi ber að hafa í huga að Íslandspóstur hefur ekki sérhæft sig í blaðadreifingu.

Vísast að öðru leyti í málflutning félagsins fyrir PFS.

4.0 Málsástæður PFS.

Málsástæður PFS koma fram í greinargerð stofnunarinnar frá 10. júlí 2008 og fer viðeigandi kafli hennar hér á eftir:

Í kæru Reykhólahrepps er tiltekið að bæjarstjórn hafi ekki borist beiðni Íslandspóst um fækkun dreifingardaga á þessu svæði til umsagnar. Því er til að svara að bæjarstjórn er ekki lögbundinn umsagnaraðili um efni erindis Íslandspósts. Þá er bæjarstjórn ekki aðili að málinu í skilningi stjórnisýsluréttarins enda ekki séð að fækkun dreifingardaga úr fimm í þrjá hjá tilteknum íbúum sveitarfélagsins varði beina hagsmuni bæjarstjórnar. Erindi Íslandspósts var sent á öll heimilisföng þar sem ætlunin var að fækka dreifingardögum úr fimm í þrjá. Þeim athugasemdum sem bárust er gerð skil í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess sem þar segir. Með því telur stofnunin sig hafa uppfyllt skilyrði stjórnisýsluréttarins um andmælarétt. Í kæru sveitarfélagsins er tiltekið að sveitarstjórn hafi frétt af þessum fyrirætlunum frá íbúum sem fækkun dreifingardaga muni bitna á og í framhaldi af því sent inn mótmæli.

Hvað varðar önnur efnisatriði kærunnar er þar einungis tiltekið að bæjarstjórn telur að túlkun Póst- og fjarskiptastofnunar á IV. kafla í lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu sem varða alhjónustu, sé röng og að hugsanlega sé um lögbrot að ræða, án þess að tiltekin dæmi séu nefnd eða að öðru leyti færð fyrir því lagarök. Ekki er því

hægt að fjalla efnislega um þennan þátt kærunnar nema að vísa í umfjöllun í hinni kærðu ákvörðun.

Auk þeirra raka sem koma fram hér að ofan vísar PFS til þess rökstuðnings sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun og ítrekar kröfu sína um að hin kærða ákvörðun PFS verði staðfest.

5.0 Niðurstaða.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur kynnt sér gögn málsins, athugað lög, reglugerðir og aðrar réttarheimildir og fundað um ágreiningsefnið. Að störfum sínum loknum hefur nefndin komist að niðurstöðu.

Önnur málsástæða kæranda er að PFS hafi ekki haft samráð við sig um töku ákvörðunar sinnar. Með því að kærandi er ekki lögboðinn umsagnaradili við töku umræddar ákvörðunar verður ekki séð að það varði ógildingu ákvörðunar. Þegar gögn málsins eru virt í heild sinni virðist heldur ekki hafa verið um brot á rannsóknarreglu eða öðrum stjórnsýslulögum, enda koma sjónarmið aðila fram í hinni kærðu ákvörðun.

Kærandi telur að túlkun PFS á IV. kafla í lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu sem varða alþjónustu, sé röng og að hugsanlega sé um lögbrot að ræða. Umræddur kafli, IV. kafli, er ein lagagrein og hljóðar hún svo:

IV. kafli. Alþjónusta.

6. gr. Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir pósthjónustu, sbr. 14. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar, einn eða fleiri, veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur:

- a. að boðin sé hjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,*
- b. að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins hjónusta,*
- c. að hjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórnmalalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,*
- d. að hjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,*
- e. að hjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.*

Að lágmarki skal í alþjónustu vera innifalinn aðgangur að póstafréttum og pósthjónustu vegna bréfa og orðsendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og til annarra landa. Skyld er þeim sem veita alþjónustu að afhenda innan lands póstsendingar allt að tuttugu kílóum sem berast frá útlöndum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð1) um nánari útfærslu alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að staðið verði við skyldur ríkisins um pósthjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

Athugasemdir með 6. gr. laga nr. 19/2002 má finna í þingskjali nr. 169 og fara þær hér á eftir:

Í þessari grein er að finna umfjöllun um alþjónustu. Fyrst er alþjónusta skilgreind út frá almennum kröfum sem teknar eru nánast orðrétt upp úr tilskipun 97/67/EB og síðan með tilliti til þjónustubátta sem efnislega miðast einnig við tilskipunina. Eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu er ein helsta breyting

frumvarpsins frá gildandi lögum að lögð er áhersla á að í stað þess að ríkið taki á sig skyldur við landsmenn í formi grunnpóstþjónustu leggi íslenska ríkið skyldur á rekstrarleyfishafa að tryggja landsmönnum alþjónustu með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Til þess að ná megi þessu markmiði er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu. Kvaðir þessar skulu skráðar í leyfisbréf viðkomandi rekstrarleyfishafa. Stofnunin skal einnig hafa eftirlit með því að staðið sé við skyldur ríkisins samkvæmt alþjóðlega póstsamningnum enda hafi hann verið staðfestur af ríkisstjórninni.

Hinar almennu kröfur sem uppfylla skal með alþjónustu eru taldar upp í 2. mgr. Í fyrsta lagi skal alþjónusta uppfylla grunnkröfur og er útlistun á þeim að finna í orðskýringum 4. gr. Sem dæmi um grunnkröfur eru ákvæði um leynd bréfaskipta og flutning hættulegrar vöru en hvoru tveggja eru gerð nánari skil í öðrum greinum þessa frumvarps. Í öðru lagi er um að ræða kröfur um jafnræði, órofna þjónustu og þróun þjónustu í takt við þjóðfélagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Í næstu málsgrein er upptalning alþjónustubátta, þ.m.t. aðgangur að póstafréttum og pósthjónustu vegna ýmissa sendingartegunda. Tegundir póstsendinga sem falla undir alþjónustu eru að mestu leyti í samræmi við 4. gr. gildandi laga sem fjallar um skyldur ríkisins, þ.e. grunnpóstþjónustu. Þess ber samt að geta að bögglassendingar í alþjónustu eru samkvæmt fyrrnefndri tilskipun takmarkaðar við 10 kg, en innlendum eftirlitsstofnunum er þó heimilt að hækka mörkin í 20 kg. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að festa mörkin við 20 kg. Í stað verðsendinga í gildandi lögum koma tryggðar sendingar þar sem sendandi kaupir tryggingu í samræmi við verðmæti sendingarinnar. Í samræmi við tilskipunina er sett 2 kg hámark fyrir blindrasendingar sem falla undir alþjónustu. Við upptalningu á dagblöðum, vikublöðum og tímaritum hefur verið bætt bókum og verðlistum.

Alþjónustu tengjast ýmsar skyldur ríkisins um dreifingu á pósti sem kemur frá útlöndum. Þar á meðal er skylda að dreifa bögglum allt að 20 kg. 5. mgr. kemur í stað 5. gr. gildandi laga.

Samgönguráðherra er í frumvarpinu veitt heimild til að setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu. Slík reglugerð mun koma í stað gildandi reglugerðar um grunnpóstþjónustu og er talið æskilegt að hún verði birt sem fyrst eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Að mati nefndarinnar samræmist túlkun PFS lagatextanum að ofan, ætlun löggjafans og tilgangi lagana. Er ákvörðun PFS einnig í samræmi við reglugerð samgöngumálaráðherra um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003, sbr. 10. gr. reglugerðar. Er í þeirri grein skýrt kveðið á um undantekningar frá meginreglu þess efnis að skylt sé að bera út póst hvern virkan dag og hefur PFS að beiðni Íslandspósts hf. beitt þeirri undantekningu í þessu tilviki. Telur nefndin ekki efni til þess að ógilda það mat og staðfestir því ákvörðun PFS með vísun til forsendna hennar.

6.0 Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun PFS nr. 5/2008 frá 27. febrúar 2008 um fækkun dreifingardaga út frá Króksfjarðarnesi er staðfest með vísan til forsendna PFS og nefndarinnar.

Ef aðilar máls vilja ekki una úrskurði þessum þarf að bera hann undir dómstóla innan sex mánaða frá því að aðilar fengu vitneskju um hann.

Reykjavík, 11. ágúst 2008

Ólafur Garðarsson, hrl., formaður

Guðjón Kárason, verkfr.

Heimir Haraldsson, endursk.